Bréf frá Bologna
Dagbókarskrif vorið 2010

Vorið 2010 fór ég til Bologna til að setjast á skólabekk og reyna að bæta ítölskukunnáttuna. Ennfremur var ég með það í huga að fá faglegan yfirlestur á bókinni *Ítölsk málfræði* sem ég átti í handriti. Þarna var ég í tvær vikur og síðan flaug ég til London, hitti Kristínu þar og fjölskylduna í Islington, og ferðalaginu lukum við með því að heimsækja fjölskylduna í Crofton.

Í Bologna skrifaði ég flesta daga dagbók og sendi heim, oft með myndum. Í þessari bók er að finna þessi bréf og flestar myndirnar sem þeim fylgdu. Engu hefur verið efnislega breytt en innsláttarvillur hafa verið lagfærðar.

Freyr Þórarinsson

Ágúst 2022

Bologna, sunnudagur 9. maí 2010

Ferðin í gær til Bologna gekk skikkanlega. Flugið til London lengdist úr 3 í 4 tíma vegna þess að vélin þurfti að krækja fyrir öskuský með því að fljúga til Noregs og beygja þar til London. En þar sem áætlunin hafði gert ráð fyrir 3 tíma bið á Gatwick flugvelli gerði þetta lítið til fyrir mig.

Flugið til Bologna gekk að óskum, ég var lentur klukkan sex og stóð fyrir utan dyrnar á heimilinu þar sem ég gisti rétt fyrir klukkan sjö. Hringdi í gemsann húsmóðurinnar og sagði til mín og frú Jóhanna Geirharðs (Giovanna Gherardi) sagðist mundu opna fyrir mér, en ekkert gerðist. Eftir smástund áttaði ég mig á því að ég stóð væntanlega fyrir utan innkeyrsluna en ekki innganginn og mikið rétt, inngangurinn var dálítið til hliðar og garðhliðið við innganginn var ólæst þegar ég tók í það. Og þegar ég opnaði útidyrnar stóð frú Jóhanna þar og tók vel á móti mér. Íbúðin er á þriðju hæð að ítölskum hætti (jarðhæð talin sér), fjórðu hæð eftir íslenskum sið. Þar hef ég svefnherbergi og baðherbergi. Ég má nota stofu, borðstofu og verönd að vild og sömuleiðis ganga í ísskápinn ef ég er svangur. Meira um íbúðina síðar við tækifæri.

Eftir að ég hafði tekið uppúr töskunni fékk ég léttan kvöldverð og talaði við Jóhönnu á meðan. Réttara væri þó að segja að hún hafi talað við mig, því hún talar þindarlaust á ítölsku um alla mögulega hluti – fjölskyldu sína og frændfólk, ferðalög þeirra um heiminn og hvað þau hafa fyrir stafni, fólk sem áður hefur búið hjá henni frá ýmsum heimshornum, sóðaskapinn í unga fólkinu sem krotar á veggi (sérstaklega í Flórens að hennar sögn), matreiðslu og grænmetisrækt, víngerð og pulsugerð, o.sv.frv.

Einhvern veginn liggur söguþráðurinn mjög hlykkjótt í þessum löngu frásögnum og stundum segir hún: "Æ, nú man ég ekki lengur hvað ég ætlaði að segja". Þá var sagan kannski komin út í kálgarð frænda hennar fyrir utan Flórens, en hún byrjaði þann þráð á því að dóttir hennar hefur dvalið í Englandi og talar ensku. Ég skil bara parta af því sem hún segir, en verð stöðugt að reyna að fylgjast með söguþræðinum til þess að vita hvort ég á að kinka kollinum eða hrista hann, brosa eða vera svolítið hneykslaður á svipinn. Áreiðanlega mjög hollt fyrir skilning minn á mæltu máli.

Í matinn var glær súpa með tortinelli bolognese og svo fékk ég eggjaköku með aubergine á eftir. Með þessu bauð hún uppá rautt eða hvítt vín og ég prófaði bæði. Þetta skilst mér að sé heimabrugg frá frænda hennar og það væri tafsamt að drekka sig fullan í því, en þetta er ekki vond berjasaft. Sjálf fær hún sér bara dreitil af rauðvíni út í vatnið sitt til að gefa því smá lit og bragð. "Borðaðu, borðaðu meðan þetta er heitt," sagði hún, "þú borðar, ég tala". Og þannig var það svo sannarlega. Ég má nú samt vera feginn að hún nennir að masa svona yfir mér, því ég er ósköp stirður að tala og get lítið sagt ennþá. Vonandi lagast það svolítið með dvölinni hér og kennslunni í skólanum.

Eftir tveggja tíma törn bauð ég góða nótt og fór í koju. Ekki er dívaninn góður, en ég sofnaði fljótt og svaf vært til morguns. Þegar ég kom fram klukkan níu var frú Jóhanna á kreiki og bauð nú uppá tvíböku með áleggi og sterkt ítalskt kaffi – með spjalli. Ég dró fram kort af Bologna og hún vísaði mér á skólann, stystu leiðir til baka heim til hennar og fleira nytsamlegt. Um tíuleitið lagði ég af stað í könnunarleiðangur, léttklæddur með myndavél, enda dagurinn bjartur og fagur.

Fyrst lá leiðin niður í miðbæ og í skólann. Ég stoppaði á leiðinni á Piazza Maggiore í hjarta borgarinnar og fékk mér kaffibolla í sólinni, hlustaði á jass-sveit á torginu og horfði á mannlífið. Trúður með rautt nef hjólaði framhjá og kallaði: “Buona giornata! Buon’ abbronzatura!” Góðar stundir! Góða sólbrúnku! Það þurfti nú ekki meira til að koma manni í sólskinsskap.

Þegar ég var kominn að skólanum ákvað ég að halda áfram þvert yfir gamla bæinn og ganga upp að Santuario di San Luca, frægasta helgistað bæjarins sem er kippkorn uppi í hæðunum í suðurjaðri hans. Á sautjándu öld tóku bæjarbúar sig til og byggðu súlnagöng sem ná samfellt frá borgarhliðinu Porta Saragozza að kirkjunni á helgistaðnum. Í þessum súlnagöngum teljast vera 666 súlnabogar, hvort sem sú tala er tilviljun eða ekki (þetta er tala dýrsins í Opinberunarbókinni). Nánast allir bogarnir eru númeraðir og marmaraplata oftast felld í múrinn þar sem stendur hver borgaði endurreisn þess boga og hvers vegna; sumir hafa verið endurreistir oftar en einu sinni. Fólk borgar endurreisnirnar til minningar um látna ættingja, sem áheit vegna veikinda o.sv.frv. Ég ætlaði að taka mynd af síðasta boganum númer 666, en þegar komið var í 658 var komið að stéttinni fyrir framan kirkjuna og hætt að númera bogana.

Eftir að ég hafði litið inn í kirkjuna – mér fannst ekki hægt að sleppa því eftir allt erfiðið - var ekki annað að gera en snúa við og halda aftur heim, með einni léttri hressingu á leiðinni, rétt við Piazza Maggiore. Það var fjör í miðbænum, fólk á stultum að leika listir og grímuklætt fólk að halda upp á hjóladaginn! Ég fylgdi ráðum frú Jóhönnu og gekk aðra leið heim, Via Zamboni í stað Via Vitale. Sú fyrrnefnda er ein aðal stúdentagatan og þar var mikið líf og fjör í kringum kaffihúsin. Þar er líka óperuhús bæjarins og verið að sýna Carmen. (Síðasta hálfa árið er ég búinn að sjá þrjár uppfærslur á Carmen - ætti ég að bæta einni við? Ég nenni því varla einn.) Kom heim um klukkan fimm eftir sjö tíma útivist og göngu og fór að skrifa fyrstu dagbókarfærsluna.

Þegar ég var langt kominn með þennan pistil kom frú Jóhanna og bauð til kvöldverðar. Aðalréttur var pasta tagliatelle og eftirréttur eitt epli. Nýtt heimagert rauðvín á boðstólum (Sangiovese Emliano-Romagna þrúgan að þessu sinni) og mikið spjall – tveir tímar. Þegar talið barst að veikindum og sjúkdómum táraðist frú Jóhanna dálítið, en svo herti hún sig upp og talaði illa um páfann og barnaníðingana í kirkjunni – það hressti okkur heilmikið við. Svo bauð hún mér að horfa á sjónvarp með sér og ég gat ekki alveg neitað, en gafst þó fljótlega upp með þeirri afsökun að ég þyrfti að ljúka við dagbókarskrifin. Og nú er ég búinn að því og kominn tími til að fara í bælið. Fyrsti skóladagurinn á morgun!

Morgunkaffi á Piazza Maggiore

Trúðar á Piazza Nettuno, sem er eiginlega útskot frá Piazza Maggiore
og er kennt við gosbrunninn í baksýn sem er með styttu af Neptúnusi

Porta Saragozza, gamalt borgarhlið í SA-horni gamla bæjarins sem eitt sinn var hluti af múrnum utanum gömlu borgina

Þetta er eitt af veglegri veggspjöldunum sem segja frá því hver borgaði endurreisn bogans.
Þarna stendur að Alessandro hafi endurreist til minningar um “framliðna elskaða hjákonu” sína Cecilia árið 1884.

Horft yfir Bologna efst úr bogagöngunum.
Þetta gefur hugmynd um hversu hátt upp þau liggja frá jafnsléttu borgarinnar.

Sprellað í miðbænum – fólk á stultum og í grímubúningum

Í gömlu háskólabyggingunni, hinu fornfræga Archiginnasio, var m.a. sýning á vörnum manna gegn pestum fyrr og nú. Á þessu plakati er búningur til varnar gegn svarta dauða til vinstri, en búningur til varnar gegn inflúensufaraldri hægra megin.


Skólinn
Heimilið
Piazza Maggiore
Porta Saragozza
Bologna
Università di Bologna
Università degli Studi di Bologna, Biblioteca del Dipartimento di Italianistica Dell
Una Hotel Bologna
NH Bologna della Gare
Zanhotel Regina
ZanHotel
Orto Botanico
Palazzo d'Accursio
Basilica Santuario Santo Stefano
Basilica of San Domenico
Giardini Margherita
Villa Chigi
Istituto Ortopedico
Bologna C.Le
Via Francesco Zanardi
Via Paolo Bovi Campeggi
Viale Pietro Pietramellara
Viale Angelo Masini
Via Stalingrado
Via Malvasia Innocenzo
Via Saffi Aurelio
Viale Antonio Silvani
Viale Carlo Berti Pichat
Via San Donato
Via Sabotino
Via Andrea Costa
Via Sant Isaia
Via San Vitale
Via Barberia
Strada Maggiore
Via Giuseppe Mazzini
Viale Carlo Pepoli
Viale Gian Battista Ercolani
Viale Giosuè Carducci
Via Saragozza
Via Santo Stefano
Viale Enrico Panzacchi
Viale Giovanni Gozzadini
Via Augusto Murri
Via Riva di Reno
Via San Felice
Via del Pratello
Via Marsala
Via Goito
Via delle Belle Arti
Via Milazzo
Via del Porto
Via dei Mille
Via Irnerio
Via Mascarella
Via Vezza
Via Paolo Fabbri
Via Oreste Regnoli
Via Antonio Zanolini
Via Parigi
Via Nazario Sauro
Via Guglielmo Marconi
Via Polese
Via San Carlo
Via Avesella
Via Galliera
Via del Pallone
Via Capo di Lucca
Via Piella
Via dell'Indipendenza
Via Urbana
Via Dé Poeti
Via Dé Chiari
Via Guerrazzi
Via Broccaindosso
Via Torleone
Via Fondazza
Via Dante Alighieri
Via Orfeo
Via San Giuliano
Via Arienti
Via Rialto
Via Dé Coltelli
Via Castiglione
Via Solferino
Via dell'Oro
Viale XII Giugno
Via Vallescura
Via Cino da Pistoia
Via Odone Belluzzi
Via Malta
Via Bellinzona
Via Corsica
Via Rodolfo Audinot
Via Alessandro Guidotti
Via Luigi Valeriani
Via Antonio Zannoni
Via Edoardo Brizio
Via Filippo Turati
Via Luigi Busi
Via Podgora
Via Vittorio Veneto
Via Asiago
Via dello Scalo
Via Graziano
Via delle Lame
Via Camillo Casarini
Via Pier De' Crescenzi
Via Luigi Tanari
Via Attilio Muggia
Via Milazzo
Via Frassinago
Via del Fossato
Via Alessandro Volta
Via Alamandini
Via dell'Osservanza
Via Odofredo
Via delle Rose
Via Alessandro Cialdini
Via Medardo Bottonelli
Via Dante Driussi
Via Alfredo Oriani
Via Santa Chiara
Via Giuseppe Mezzofanti
Via Ernesto Masi
Via Leano
Via Luigi Vestri
Via del Lavoro
Via della Repubblica
Via Ilio Barontini
Via XXI Aprile 1945
Via Francesco Orsoni
Via Vallescura
Via del Risorgimento
Parco Melloni
SS9
SP569
SP65

Bologna, mánudagur 10. maí 2010

Fyrsti skóladagurinn! Ég vaknaði klukkan sjö, fékk kaffi og crostini hjá frú Jóhönnu og var lagður af stað í skólann 8:10. Ég reiknaði mér 20-30 mínútur í gönguna og það veitti ekki af því. Kennsla hefst jafnan klukkan 9:30, en það var búið að segja mér að skólinn opnaði korter fyrir níu og það væri ágætt ef ég kæmi snemma, gengi frá skólagjöldum, o.sv.frv. Þegar þessum formsatriðum var lokið settist ég í tölvustofuna til að senda fyrstu dagbókarfærsluna ásamt myndum, kíkja á póst og veðurspá, o.sv.frv.

Fyrir smá misskilning settist ég fyrst í rangan bekk en það var leiðrétt eftir nokkrar mínútur. Þá hafði ég samt verið látinn kynna mig í þeim bekk og það var endurtekið í næsta bekk. Síðan hófst kennslan. Kennslubókin er Espresso 3, en Espresso 1 var einmitt fyrsta kennslubókin sem ég notaði heima á Íslandi í Mími. Ágæt bók, en taldæmin með henni eru ekki auðveld. Það var byrjað á blaðsíðu 91, viðtengingarháttur. Beint í djúpu laugina!

Sá er munur á kennslustundunum og hinum löngu samræðum við frú Jóhönnu að í skólanum skil ég næstum allt, en hjá frú Jóhönnu hefur mér reynst erfiðara að fylgja þræðinum. Reyndar má segja að Jóhanna tali á svipuðum hraða og taldæmin sem fylgja kennslubókinni, enda reynist mér jafn erfitt að skilja þetta tvennt. En hún er ósköp ljúf og gerir sér ekki mikla rellu yfir því hvað mikið eða lítið ég skil af tali hennar.

Kennslan er góð og mér virðist skólinn fylgja svipuðum kennsluaðferðum og gert var í skólanum í Róm. Við vorum fyrst 6 og síðan 7 í bekknum í dag; mér sýnist ég standa svipað og flestir aðrir nemendur í bekknum og er ósköp feginn því. Kaffipása var klukkan 12 og þá stormaði allur hópurinn á næsta kaffihús. Til að flýta afgreiðslunni var búið að taka niður kaffipantanir hjá manni í skólanum og það mun vera venjan. Eftir einn bolla af cappucino var skundað í skólann og kennslan hófst aftur og stóð til klukkan hálf tvö.

Í dag var síðan boðið upp á kynnisferð um Bologna klukkan hálf þrjú, og ég fór auðvitað með í hana. Hún átti víst að vera 2 klukkustundir en varð þrír og hálfur tími – mjög skemmtileg ganga um gamla bæinn. Enda þótt ég hafi séð margt af því sem bar fyrir augu í fyrri heimsóknum til bæjarins, þá sá ég þetta núna allt í nýju samhengi, þökk sé leiðsögninni. Við sáum til dæmis leifar af tvennum borgarmúrum sem eru eldri og innan þeirra borgarmúra sem ég áður þekkti. Elsti borgarmúrinn er frá dögum Rómarveldis, sá næsti þar fyrir utan var reistur um 1200 og sá ysti (sem ég áður þekkti) var reistur á fimmtándu öld.

Síðan hafði ég ekki áttað mig á því að umhverfis mið-borgarmúrinn var síki, kanall, notaður til vöruflutninga. Enn eru leifar af þessum kanal í bænum, til dæmis rétt norðan við hótelið okkar góða, Hotel Paradise, og ég tók myndir af honum. Og úr því ég nefni það góða hótel, þá varð frú Jóhanna skrítin á svipinn í gær þegar ég sagði henni hvar það er staðsett. Ég notaði því tækifærið og spurði leiðsögukonuna útí þetta og það var sem mig grunaði, þetta er gamla hóruhúsahverfið. Hún hló samt við og spurði hvað Jóhanna væri gömul, því hún fullyrti að þetta væri liðin tíð, enda hefðu hóruhús verið bönnuð árið 1957. Þetta minnti mig svolítið á Nýhöfn í Köben, sem mér er sagt að hafi verið hættulegur staður fyrir heiðarlegt fólk á kvöldin þegar Palli frændi var við nám þar.

Enn er ótalin sú nýja mynd sem maður fékk af turnunum í bænum og hlutverki þeirra. Tveir turnar í miðju bæjarins eru frægastir, en í raun skipta þeir tugum og sumir eru mikil mannvirki. Sá hæsti er næstum 100 metra hár, reistur á 12. öld, en algengt er að þeir séu 30-50 metra háir. Ég fór inn í einn og skrefaði þykktina á veggnum niðri við jörð, sem reyndist vera 8-9 metrar, en veggirnir þynnast víst uppá við.

Síðast er rétt að nefna, að þegar við fórum fram hjá turnunum tveimur benti leiðsögukonan á Madonnu með barn, sem sat á svölunum á mikilli byggingu (sem ég held að sé hús hins forna félags verslunarmanna). Þessi stytta er hulin 51 viku á ári og aðeins sýnileg í eina viku, sem er einmitt núna. Það er vegna þess að í lok þessarar viku verður afar heilög Maddonnu helgimynd borin frá kirkju í miðbænum eftir bogagöngunum sem ég gekk í gær, alla leið upp í Santuario di San Luca. Af eintómri tilhlökkun er messa á klukkutíma fresti í kirkjunni, auk þess sem líkneskið á húsi verslunarinnar er sýnilegt. Ég tók eftir því á leiðinni heim að margir hneigja sig og krossa þegar þeir ganga framhjá opnum dyrum kirkjunnar þar sem Madonnan heldur sig fram að helgi.

Ég læt fylgja mynd af húsinu þar sem skólinn er til staðar og nokkrar myndir úr gönguferðinni. Við vorum fjórir nemendur ásamt leiðsögukonunni sem er kennari við skólann. Ég tók eina mynd af hópnum. Eldri konan er amerísk og er í bekk með mér – viðkunnaleg manneskja og við erum samtaka í því að tala bara ítölsku. Eldri maðurinn heitir Hjálmar og var hjá Paolo Turchi í vetur! Hann er ekki neitt sérlega sleipur í málinu en ófeiminn við að nota það sem hann kann. Fyrrum flugmaður, minnir mig. Hann laumaðist í lokinn til að spjalla svolítið á íslensku, ég finn glögglega hvað honum þykir óþægilegt að geta ekki tjáð sig meira - það er tilfinning sem maður þekkir alltof vel sjálfur! Yngri maðurinn, pilturinn, er enskur og talar enga ítölsku. Hann tekur því með brosi, en stundum var það svolítið vandræðalegt bros þegar kennarinn beindi orðum sínum sérstaklega að honum.

Gönguferðinn lauk uppí skóla og þar tók ég bakpokann minn og hélt heim á leið. Okkur hafði verið sett fyrir bæði stílæfing og debatt-efni fyrir morgundaginn og ég sá fram á kvöldvinnu. Ég byrjaði samt á þessari dagbókarfærslu og þegar hún var hálfnuð bauð frú Jóhanna í kvöldmat: Heit kartöflumús með köldu grænmetis- og kjúklingahlaupi. Ég var svangur og þetta var seðjandi. Samræður okkar gengu betur en áður, enda reyndi ég að stýra umræðunum svolítið því málbeinið er aðeins farið að liðkast. Ég þakkaði svo fyrir mig strax eftir matinn og sagði sem satt var að ég ætti heimalærdóminn eftir, auk þess sem ég væri hálfnaður að skrifa bréf heim. Og nú er klukkan orðin hálf tíu og heimalærdómurinn eftir! Best að slá botninn í þetta og snúa sér að bókunum.

Hér er skólinn til húsa á fyrstu hæð (fyrir ofan jarðhæð), maður hringir dyrabjöllunni og er hleypt inn í húsagarðinn og þaðan eru tröppur upp í skólann.

Kynnisferðin hefst í hinni fornfrægu Via Galliera, rétt við skólann.
Í þessu húsi bjó Leonardo da Vinci og baukaði þar við að mála Mona Lisa –
leiðsögukonan sagði að silkislæðan sem hún er með sé greinilega frá Bologna, sem var fræg silkiborg.



Kanallinn hefur nú einhvern tíma verið glæsilegri – þetta er hálfgerður pollur, sýnist manni, en það er hægt að leigja báta þarna og sigla á honum.

Kynnisferðarhópurinn á leiðinni í gamla gyðingahverfið, Ghetto. Skiltið fyrir ofan hópinn rekur sögu hverfisins í stuttu máli - í lok sextándu aldar gerði páfinn alla gyðinga útlæga úr bænum, en húsin standa. Leiðsögukonan Paola er dökkhærð, önnur frá vinsti á myndinni.

Madonnan á húsi verslunarinnar er sýnileg þessa vikuna.
Á jarðhæðinni er ein af bókabúðum Feltrinelli, sem ég held að sé stærsta keðja bókabúða á Ítalíu.

Eitt af elstu “stultuhúsum” Bologna, frá því um 1200. Stultuhúsin eru fyrirrennarar hinna yfirbyggðu gangstétta, og ef vel er að gáð má sjá að gangstéttarnar beggja vegna hússins eru yfirbyggðar.

Á torginu við turnana tvo, Piazza della Mercanzia, hjólaði framhjá okkur annar kennari úr skólanum, Lucia (sem kenndi mér í dag eftir kaffihléið). Hún stillti sér upp fyrir myndatöku, en sagðist á eftir taka fimm evrur fyrir – á mann.

Bologna, þriðjudagur 11.maí

Þessi dagbókarfærsla verður kannski í styttri kantinum og engar myndir fylgja henni – allt kemur það þó til af góðu.

Heimavinnan gekk ágætlega í gærkvöld, en klukkan var þó orðin 11 þegar henni lauk. Þegar ég ætlaði í lokin að vista dagbók og myndir á USB fann ég það ekki, þannig að ég pakkaði fartölvunni ásamt myndavélinni, regnkápunni og fleiru í bakpokann. Ég mætti í skólann stundvíslega klukkan 8:45 og komst inn, en var kurteislega sagt að skólinn opnaði annars klukkan 9. Hið glataða USB var á vísum stað á skrifstofunni og ég gat klárað mín tölvumál áður en kennslan hófst.

Þetta var verulega mögnuð kennslustund, málfræðilega séð. Við syntum í djúpu lauginni með viðtengingarhætti í þáliðinni tíð – congiuntivo traspassato – og öðru góðgæti. Nú koma málfræðipælingarnar frá því í vetur sér aldeilis vel, því mér finnst ekki svo erfitt að skilja þetta, en ég minnist þess að í Róm forðum daga var það þarna sem ég missti þráðinn algjörlega.

Eftir kaffipásu tók við debatt milli “íhaldsmanna” og “frjálslyndra”, en ég hafði verið settur í fyrri hópinn. Þetta gekk ágætlega og ég sá ekki betur en sumum frjálslyndum konum hlypi kapp í kinn þegar ég hélt því fast fram að staður konunnar væri bara á heimilinu og maðurinn væri höfuð konunnar – það væri hið náttúrulega fyrirkomulag, öllum fyrir bestu og guði þóknanlegt. Sumir hlutir eru greinilega ekki fyndnir.

Ég fór svo í hádegismat með Marion hinni amerísku (sjá hópmynd í gær). Hún vildi nú samt fyrst fá að vita hvort ég meinti þetta sem ég hafði verið að segja um jafnréttismálin og auðvitað át ég það allt ofan í mig. Ég átti að ráða ferðinni og við fórum fyrst á pizza-staðinn góða (sællar minningar), en rétt þar hjá römbuðum við svo inn á dásamlegan lítinn stað sem var líkari heimili en veitingastað. Þarna fengum við gott salat með glasi af frábæru víni, í bakgrunninn var lágvær jazz og lókal fólk með börn í kringum okkur. Besti viðurgjörningur sem ég hef fengið í þessari ferð.

Við ákváðum að uppástungu Marion að fara saman út að borða í kvöld. Hennar leigusali er að sögn ferlegur, forvitin kerling sem hangir inni í herbergi gestsins meðan hún er að reyna að vinna, tekur bækurnar hennar óboðin og flettir í þeim, sest á rúmið og vill samræður. Þá er hún Jóhanna mín hrein himnasæla, og ekki spillir morgunkaffið hjá henni blessaðri. Ég hringdi í hana af matstaðnum og sagði henni að ég færi út að borða í kvöld með vinum, hún tók því vel og þakkaði mér fyrir að láta sig vita.

Jæja, þvínæst fór ég aftur uppí skóla. Þegar ég bókaði skólann krossaði ég við að ég vildi “corso intensivo” af því það kostaði ekki mikið til viðbótar og ég er kominn hér með nokkurri fyrirhöfn til að læra ítölsku. Þetta þýðir að eftir hádegishlé tók við hálfur annar tími af einkakennslu og þar voru nú ekki vettlingatökin. Kennarinn spurði mig hvað ég vildi leggja áherslu á – tal, hlustun eða málfræði – og ég kaus að tala og hlusta. Í dag var því tal-dagur, en á morgun verður hlustunardagur. Það má eiginlega segja að ég hafi verið í hálfs annars tíma stífri yfirheyrslu, en það var samt mjög gaman. Allar málvillur voru leiðréttar jafnóðum og ég látinn endurtaka orðin þar til ég næ þeim réttum. Í rauninni gengur mér eftir atvikum sæmilega að tala, en mér finnst hlustun erfiðari – oft erfitt að skilja ítölsku á fullum hraða. Það verður gaman að sjá hvað gerist á morgun.

Eiginlega var mjög heppilegt að hafa fartölvuna með í dag, af því ég gat dregið hana upp og sýnt ljósmyndir. Fyrst nokkrar fjölskyldumyndir, meðan ég var yfirheyrður um þau mál, en síðan vildi Francesca sjá Íslandskort og fá að vita hvar eldfjallið væri, o.sv.frv. Þá loggaði ég mig auðvitað inn á Vodafone vefmyndavélina og við skoðuðum eldgosið, og svo fórum við líka inn á vef veðurstofunnar til að skoða skjálftavirkni. Henni Francescu (kennaranum, mynd af henni á reiðhjóli í gær) fannst þetta stórkostlegt, sem það líka er, og ég er búinn að þurfa að segja margt um jökla, eldgos og jarðskjálfta á ítölsku. Að lokum var aðeins talað um músik, hún hlustar auðvitað bæði á Björk og Sigurrós, en ég bætti um betur og spilaði video Emilíu Torrini “Jungle Drum” fyrir hana. Semsagt skemmtilegt, en óneitanlega dálítið erfitt að einbeita sér svona lengi og undir blá-lokin var ég farinn að ruglast í einföldustu orðum af þreytu.

Á morgun, að lokinni venjulegri kennslustund, verður sem sagt næsti einkatími, og þar á eftir matreiðslukennsla! Kristín, óskir þínar rætast ☺ Í dag var skipulögð hópferð í ísbúð, en ég sleppti henni til þess að einbeita mér að einkatímanum. Einkatíminn féll niður í gær, eða réttara sagt ég felldi hann niður, af því ég vildi taka þátt í skoðunarferðinni um bæinn og sé svo sannarlega ekki eftir því. Þarnæsta dag held ég sé ferð til Modena (samanber balsamik edik og olíur) sem ég ætla að taka þátt í, enda er ég nú búinn að sjá hvernig maður getur samræmt einkakennslu og hópferðir.

Ég sit hér í skólanum að skrifa þessa dagbókarfærslu og svo tekur heimavinnan við. Það er dálítið sett fyrir af heimalærdómi og svo þarf maður að taka aðeins til í glósum dagsins meðan allt er ferskt. Ég hef engar ljósmyndir tekið í dag, því bæði hefur verið mikið að gera og svo er veðrið heldur suddalegt, skýjað og skúrir. Ég heyri bæði á kennurunum og frú Jóhönnu að þeim finnst vorið bara alls ekki vera komið – þeim finnst að nú eigi að vera sól og blíða flesta daga og hitinn eigi ekki að fara undir 20 gráður á daginn. Ég segi þá að þetta þætti alveg nothæft sumarveður á Íslandi og þau svara:”Aumingja þú”.

Aumingja ég slæ þá botninn í þetta í dag og sendi það væntanlega strax á eftir úr því ég sit hér enn í skólanum – tvær færslur í dag, en sú næsta kemur kannski ekki fyrr en eftir tvo daga.

Ciao

Bologna, miðvikudagur 12. maí 2010

Þriðji skóladagurinn - ég kom ekki heim fyrr en klukkan hálf níu. Að lokinni kennslu dagsins fór ég nefnilega ásamt nokkrum öðrum á matreiðslunámskeið, sem endaði auðvitað með því að við borðuðum það sem var eldað. Þar sem þetta var vestast í vesturbænum var ég klukkutíma að ganga heim til mín, sem er austast í austurbænum.

En það er best að ég byrji þar sem síðasta dagbókarfærsla endaði: Í gærkvöld fór ég út að borða með Marion og valdi veitingahúsið Diana á Via dell'Indipendenzia – þar borðuðum við Kristín einu sinni eftir ábendingu einhverrar túristabókar. Staðurinn, maturinn og ekki síst þjónustan var prýðilegt og verðið var mjög skikkanlegt, fannst mér: rúmlega 40 evrur (um 7000 krónur) fyrir tvo rétti, hálfa flösku af Chianti Classico víni, osta, kaffi og grappa. Í forrétt fékk ég mér prociutto e melone, en á eftir valdi ég mér af secondi piatti eitthvað sem var kallað asparghi alla Bismarck. Bæði leist mér vel á að fá góðan aspas, og svo var ég forvitinn að vita hvað Bismarck mundi leggja til málanna. Það reyndist vera spælt egg – mér var svo sagt í skólanum í dag að matur að hætti járnkanslarans sé venjulega með spældu eggi.

Marion var sérstaklega ánægð með að um leið og þjónarnir heyrðu að við vorum að reyna að tala ítölsku þá reyndu þeir ekki að tala ensku (sem þeir þó kunnu greinilega) heldur hlustuðu þolinmóðir á okkur. Við sátum lengi og leyfðum okkur að spjalla dálítið saman á ensku, sem við annars gerum ekki. Það var nú ágætt að fara svona eitt kvöld út að borða eins og fullorðin manneskja. Ég kom ekki heim fyrr en hálf ellefu og þá var allt slökkt, þannig að ég læddist bara í rúmið.

Kæra frú Jóhanna gaf mér tvo góða bolla af kaffi í morgun. Fyrst kom lítill bolli af því sem hún kallaði Napólí kaffi og var gert í sérstakri kaffikönnu sem ég hafði skoðað hjá henni í gær. Seinni bollinn var "venjulegt" kaffi, vel útilátið, en reyndar fann ég ekki mikinn mun þa kaffitegundunum. Í morgun bauðst mér skinka ofan á crostini, sem ég þáði með þökkum, og var vel haldinn þegar ég lagði af stað í skólann.

Kennslan fyrir kaffi var í venjulegum farvegi: Fyrst var spjallað alllengi um viðburði gærdagsins hjá hverjum og einum, en síðan dregin upp heimaverkefni og lagst yfir málfræðiæfingar í Espresso bókinni. Andskoti geta menn gert sér mikinn mat úr viðtengingarháttum og skildagatíðum. Það er ekki nóg með að beygingakerfið sé snúið, heldur hef ég aldrei lagt neina sérstaka áherslu á að læra þessar beygingar – því miður, eða sem betur fer! Þegar allur bekkurinn var farinn að gráta sagði kennarinn: No panico! Í rauninni er fullt af ítölum sem ekki nenna lengur að beygja þetta rétt, og svo bætti hún við: En munurinn er sá að þegar ég nenni ekki að beygja þetta rétt það er það af því ég hef valið að sleppa því, en þegar þið beygið þetta ekki rétt þá segir fólk að það sé vegna þess að þið eruð útlendingar og kunnið ekki ítölsku! Svona getur nú verið nú gaman í skólanum.

Að loknum málfræðipyntingunum var farið að spila samtöl af geisladisk þar sem nokkrir ítalir reyna að tala svo hratt að enginn skilji þá. Þetta er kallað lingvafónn. Ítölunum gekk allvel, því í fyrstu skildi enginn nemendanna neitt af því sem sagt var. Við ítrekaða hlustun fór þó aðeins að renna ljós upp fyrir þeim sem eru bestir að hlusta (nota bene, ekki þeir sömu og kunna mest í málfræði) og í hópvinnu tókst okkur smám saman að giska á svör við spurningum kennslubókarinnar um efni samtalanna. Svo var sett fyrir heimavinna og farið í kaffi.

Eftir kaffi tók að venju annar kennari við. Ég sé að ég hef ruglað nöfnum í gær, því sú sem var með mig í aukatímanum í gær (og var ljósmynduð á reiðhjóli) heitir Lucia og hún kenndi okkur eftir kaffið. Elskan sem plagar okkur hvað mest með málfræðinni heitir Francesca. Jæja, í gær hafði Lucia undir lok tímans spilað fyrir okkur gamla veðurspá af YouTube, sem við ekki skildum almennilega, og látið okkur hafa spurningalista um það hverju var verið að spá. Í morgun hafði ég hlustað á spána nokkrum sinnum í tölvustofunni með heyrnartól á höfðinu og spurningalistann fyrir framan mig, þannig að ég var búinn að ná spánni. Í lok kennslustundarinnar vorum við síðan látin semja veðurspá, tvö og tvö saman, og flytja hana fyrir öðrum nemendum. Auk spárinnar áttum við að fara með málshátt dagsins (sem hverjum hóp var látinn í té) og gefa hlustendum hollráð í anda málsháttarins. Ég dró upp myndavél og tók myndir þegar einn hópuinn var að flytja sína spá.

Ekki fannst mér ég hafa tíma í langan hádegisverð og skellti mér því einn míns liðs á sama bar og á mánudaginn og fékk mér aftur samskonar brauðsneið, vínglas og vatn. Er þetta skortur á hugmyndaflugi? Ég ætla nú ekki að lýsa því hvað brauðið er gott. Það voru ekki margir á barnum meðan ég var þar þannig, að ég spurði smurbrauðsdömuna: “Posso fare un foto?” Leyfið var góðfúslega veitt og myndin fylgir hér með. Eftir að hafa sporðrennt brauðsneiðinni fékk ég mér smá göngutúr, af því sólin var að glenna sig, ætlaði hálfpartinn niður á Stóra Torg til að fá mér kaffi en sá fljótt að það yrði of tímafrekt og skellti mér bara inn á kaffibar og fékk mér einn caffè standandi. Það var syndsamlega gott! Kaffið eitt og sér er næg ástæða til að koma hingað á “stígvélið”.

Upp í skóla aftur og nú í einkatíma, “corso intensivo”. Í dag var það Francesca sem sat með mér í hálfan annan tíma, en rétt eins og í gær var þetta að mestu leiti einræða eða fyrirlestur minn um þau málefni sem hún spurði mig um. Vitleysur voru leiðréttar jafnóðum, þó er hún ekki alveg eins smámunasöm og Lucia var í gær. Það sem hún vildi einkum vita var hvort tiltekin vinkona hennar ætti frekar að hugsa til þess að fara í frí með manni sínum (sem er upphaflega Kani) til Íslands eða Finnlands. Hvernig eru Finnar? Hvernig er Helsinki? Hvernig eru íslendingar? Eru skandinavar mjög líkir innbyrðis? Hvað gera ferðamenn á Íslandi? Hvernig er að skoða sig um á hjóli á Íslandi? Og svo framvegis, og svo framvegis. Að lokum sagði ég: Vinkona þín má gjarnan hafa samband við mig ef hún velur Ísland. Okkur hjónunum finnst gaman að hitta fólk. Dici a lei. (Hvernig segir maður þetta í boðhætti?) Dirle!

Síðan var það matreiðslunámskeið. Við vorum sex saman: Daninn sem ég hitti á mánudagsmorgunn og er miklu sleipari en ég í ítölsku, konan hans sem er á fyrsta ítölskunámskeiði sínu, dóttir þeirra sem ekki er í skólanum, Toby hinn enski sem var með mér í kynnisferð um bæinn á mánudaginn og kínversk stúlka sem ég hef ekki séð áður og náði ekki hvað heitir. Matreiðslumeistarinn var ung kona frá Puglia, Alessandra, sem er að eigin sögn fædd og uppalin í eldhúsinu á veitingastað foreldra sinna í Bari en vinnur hér í Bologna. Á matseðlinum var þetta:
Lasagna alla Bolognese
Polpette di melanese
Tiramisù

Miðrétturinn er steiktar bollur úr eggaldini, aubergine, parmaosti og fleiru smávegis. Lasagna og tiramisù þarfnast ekki kynningar. Þarna var allt gert frá byrjun, pasta, kjötsósa, smjörsósa (besciamella), og svo framvegis. Ég var sá eini þarna með myndavél, og að fengnu leyfi tók ég dálítið af myndum Nokkrar þeirra fylgja. Ég er auðvitað með uppskriftirnar og hlakka til að spreyta mig á þessu heima, því allt var þetta dásamlega ljúffengt. Ég hugsa til dæmis að grænmetisæturnar mundu ekki fúlsa við polpette di melanese, ef mér tekst jafn vel upp og meistara Alessandra.

Jæja, kvöldi er farið að halla og enn á ég heimalærdóminn eftir. Ég slæ því botninn í þetta í bili. Á morgun er ég reyndar búinn að skrá mig í heimsókn eftir skólann í fabrikku sem framleiði balsamic edik, þannig að það er langur dagur á morgun. Veðurspáin er rigningarleg, þannig að heimsókn í edikfabrikku er ágætur kostur.

Barinn og smurbrauðsstúlkan góða

Veðurfréttir. Rússnesk stúlka í sjónvarpinu, þýskur maður og japönsk stúlka útskýra kortið á töflunni.

Horft á veðurfréttirnar.
Næstur er belgískur íþróttamaður (góður að hlusta, slakari í málfræði), þá grísk stúlka og fjærst er Lucia kennari.

Botninn lagður í tiramisù með sætabrauði bleyttu í kaffi

Lag númer tvö af sætabrauði

Að lokum er kakói stráð yfir

Beðið eftir því að lasagna bakist
og matreiðslumeistarinn steiki bollurnar

Fyrsta lasagna lagið lagt yfir botnlag af kjötsósu

Margar hendur vinna létt verk við að rúlla eggaldinbollur

Meistari Alessandra dásamar bollurnar okkar ...

... og heldur einni í framréttri hendi

Bologna, fimmtudagur 13. maí 2010

Allora, enn er dagur hniginn að kveldi þegar ég kem heim. Ég vakti yfir dagbókarskrifum og heimalærdómi í gær fram að miðnætti. Hundrað armréttur? Iss, það er ekkert mál, reynið að snúa beinni ræðu í óbeina á ítölsku í öllum tíðum og háttum!

Þegar ég gekk í skólann í morgun (það er um hálftíma gangur) fór ég að hugsa um hvað væri hægt að gera í einkatímunum mínum. Ég uppgötvaði nefnilega í gærkvöld að í bókinni minni um ítalska málfræði eru villur í óreglulegum sagnbeygingum og þó ég sjái að það eru "search-and-replace" villur sem er auðvelt að laga, þá hafa þær greinilega farið framhjá hinum annars vandvirka Paolo Turchi. Mér datt í hug að stinga uppá því að næstu einkatímar væru notaðir til að lesa saman yfir ítölsku sýnidæmin og Francesca tók því mjög vel. Ég held að þetta verði alveg ómetanleg trygging gegn villum og svo er þetta líka tækifæri til að tala á ítölsku um þau málfræðilegu atriði sem ég er að fjalla um.

Kennslan í dag var annars í sínum venjulega farvegi. Fyrstu tvo tímana, fyrir kaffi, var létt spjall og síðan komu erfiðar málfræðiæfingar. Eftir kaffi var áherslan á tjáningu og samskiptum, og í dag fengum við myndasögu í ruglaðri röð, þar sem fólk talar ítölsku á myndunum. Fyrsta verkefnið var að raða myndunum í rétta röð og síðan átti að segja frá því sem gerist í óbeinni ræðu eins af þátttakendunum í atburðarásinni.

Francesca sagði mér að því miður gæti ekki orðið af einkatíma í dag, en ég gæti fengið tvo samfellda klukkutíma á morgun. Það var þá sem ég notaði tækifærið til að stinga upp á því að við læsum yfir málfræðibókina mína, sem hún samþykkti glaðlega. Ég var nú bara feginn því að tíminn félli niður í dag, vegna þess að ég var búinn að skrá mig í ferð til Modena og svo gat ég líka vel hugsað mér að hafa einu sinni aðeins meiri tíma í hádegismat.

Í hádeginu fór ég svo með Marion á litla matstaðinn sem við fundum fyrir tilviljun um daginn, en hún er orðin fastagestur þar. Ég tók myndir fyrir utan og inni staðinn og þær fylgja með þessum pósti. Blessunin hún Marion er dálítið að reyna að stjórna umhverfinu (af feministiskum ástæðum skilst mér) aðeins meira en ítölskukunnáttan leyfir, og það endaði með að hún fékk það sama að borða og ég (sem hún ætlaði ekki) en aðra tegund af víni (sem hún ætlaði ekki heldur). Hún er samt nógu cool til að taka því sem að höndum ber án þess að vera með nokkur vandræði og fínn félagsskapur. Í matinn hjá okkur báðum var misto di salami og meðan við gæddum okkur á matnum kom í ljós að Cul-de-Sac er uppáhaldsstaður hennar í Róm. Non c'è male, eh?

Eftir matinn fór ég strax upp í skóla af því ég ætlaði að komast á Netið áður en við færum til Modena, en hún varð eftir af því hún ætlaði að sinna heimavinnu á veitingastaðnum fyrir Modena ferðina. Rétt áður en hópurinn lagði af stað frá skólanum kom svo Marion, dálítið slompuð. Hún sagði þá frá því að eftir að ég fór hafi hún farið að spyrja hvers vegna hún fékk aðra tegund af víni en ég? Það samtal endaði á því að þjónninn færði henni brosandi ókeypis glas af víni af sömu sort og ég fékk, og henni fannst hún yrði að klára það. Það mætti halda að þetta sé dýr staður, en han er reyndar hræbillegur og þeir sem hann sækja er aðallega fólkið úr nágrenninu. Því til sönnunar má nefna að fólkið á meðfylgjandi mynd frá staðnum rekur búð í næstu götu – þau eru frá Írak en hafa búið þarna í þrjátíu ár (síðan Komeinhi?). Ég spurði auðvitað um leyfi til að taka myndina og það var nóg til að þau og þjónarnir og kokkurinn færu öll í hávaða samtal við okkur.

Núnú, næst örkuðum við af stað og hittum rútubílstjórann spottakorn frá skólanum. Mér fannst gaman að uppgötva að rúta er pulman (eins og amerískir járnbrautarvagnar, Pullman) en lítil rúta er pulmino. Svo fórum við til Modena og heimsóttum edik-fabrikku. Fyrst var smakkað mismunandi aceto balsamico og síðan fengum við að skoða tunnurnar þar sem edikið er lagerað. Ég hélt nú bara að ég væri kominn til himnaríkis – ég hef aldrei smakkað neitt þessu líkt. Fyrst vil ég segja að þetta á ekkert skylt við það balsamik edik sem er selt í verlsunum – það heitir acetato balsamico di Modena en þetta heitir acetato balsamico tradizionale di Modena – edikið í verslunum er imbottigliato a Modena en venjulega framleitt einhvers stað annars staðar, en þetta er produtte a Modena – þetta er framleitt án allra aukaefna, alkóhóls, geymsluefna, o.sv.frv. og liggur að minnsta kosti fimm ár í sérstökum tunnum, en það elsta sem var til sölu á venjulegum kjörum var 12, 15 og 25 ára, en svo var hægt að kaupa rándýrt 50 og 80 ára gamalt edik. Elstu tunnurnar þarna (á stærð við þær sem eru notaðar til að framleiða vin santo) voru 130 ára gamlar eikartunnur - þær eru aldrei alveg tæmdar og aldrei þvegnar!

Eftir þessa merkilegu lífsreynslu héldum við aftur til Bologna og vorum komin þangað um hálf sjö. Hópurinn hélt af stað í átt að skólanum en týndi fljótlega tölunni og þegar kom í miðbæinn var ég einn á ferð. Ég og Marion höfum talað um að eiga stefnumót klukkan 16:00 á laugardaginn á kirkjutröppunum á Piazza Maggiore, fara á tvö tiltekin söfn saman og borða síðan kvöldverð saman á staðnum sem meistarakokkurinn í gær mælti með fyrir dæmigerða Bologna matseld. Matstaðurinn átti að vera nokkurn veginn á leiðinni heim til mín og ég ætlaði að koma þar við og panta borð á laugardagskvöld klukkan átta. Mér fannst aðeins of snemmt að fara inn á matstað og reikaði því um í leit að staðnum. Þar kom þó að ég var hættur að “reika” og farinn að “leita” því leiðbeiningar kokksins voru ekki mjög nákvæmar. Ég fann staðinn að lokum, bókaði borðið og settist inn á annan einfaldari og aðeins ódýrari stað í nágrenninu.

Þarna valdi ég mér grískt salat og mér fannst það mjög athyglisvert fyrir þrennt: Í fyrsta lagi var það ekki borið fram allt í einni kös eins og ég hef áður séð og sjálfur gert, heldur var öllu haldið aðskildu á stórum disk: tómötum, agúrku, rauðlauk, fetaosti, ólífum og papriku, í öðru lagi voru agúrkurnar skornar langs en ekki þvers, og í þriðja lagi var gulum papriku sneiðum bætt við það hráefni sem ég er vanur að sjá í þessu salati, en olíu ekki hellt yfir. Allt þrennt var til bóta, ekki síst það að bera þetta fram aðskilið og leyfa manni að stjórna ferðinni sjálfur með það hvernig maður gekk að matnum.

Þegar ég kom inn á matstaðinn um áttaleytið voru afar fáir þarna, en þennan rúma klukkutíma sem ég sat að mat mínum fjölgaði stöðugt og öll borð voru setin þegar ég fór. Það var mikil skemmtun að horfa á gestina á matstaðnum – athygli mín var ekki síst á þýskri fjölskyldu sem sat skammt frá. Þetta voru hjón á miðjum aldri, tvítug dóttir og tánings sonur. Frá upphafi var ljóst að stúlkan var sú eina sem talaði ítölsku og hún stjórnaði ferðinni mjög ákveðið. Ég er ekki í nokkrum vafa um að pabbi og mamma og litli bróðir voru mætt í heimsókn til ungu stúdínunnar í Bologna og hún var að sýna hvað hún kunni fyrir sér. Hin þrjú voru auðvitað full aðdáunar á ítölskukunnáttu stúdínunnar og hún naut athyglinnar, en um leið var hún sérlega hlýleg og sinnug við litla bróður – ég sá að hún laumaðist með honum inn á klósettið til að hjálpa honum, af því það var eitthvað þar sem hann skildi ekki hvernig hann átti að gera. Notalegt fyrir gamlan karl úti í horni að njósna um svona fólk ☺

Veitingastaðurinn Camera a Sud – þótt hann sé lítill þá gerast þeir ekki betri

Írönsku hjónin til vinstri ogg Marion til hægri – enginn í fýlu, sýnist mér

Edikfabrikka Malpighi fjölskyldunnar
Acetaia Malpighi

Leiðsögukonan fræðir okkur um mismunandi edik

Edik tunnur – þær eru opnar (öfugt við víntunnur) en klútur breiddur yfir opið til að verja innihaldið fyrir óhreinindum

Frá vinstri: eplaedik, hvítt edik úr Trebbiano þrúgum, rautt edik úr Sangiovese Emigliana-Romagna þrúgum, rautt tólf ára edik, rautt tuttugu og fimm ára edik

Freska á vegg í verksmiðjunni
sýnir hefðbundna edik-suðu

Bologna, föstudagur 14. maí 2010

Fyrri vikan í skólanum liðin! Það er bara eins og hendi sé veifað, en um leið hefur svo ótrúlega margt gerst. Enda þótt mér finnist stundum framfarirnar vera litlar hjá mér í ítölskunni, þá koma sem betur fer stundir þar sem hún rennur uppúr mér án þess að ég þurfi að hugsa mig um. Þá verð ég montinn og fer um leið út af laginu og man ekki lengur hvað heitir hvað á ítölsku. Mottóið er: Ekki hugsa! Just do it! Æ, þetta var enska.

Ég sat yfir heimavinnunni fram að miðnætti í gær eftir að hafa lokið dagbókarskrifum. Ég var samt orðinn svo syfjaður að það hvorki gekk né rak með heimalærdóminn. Ég flýtti því vekjaraklukkunni svolítið og fór að sofa. Þetta var skynsamleg ráðstöfun, því í morgun var ég fljótur að klára heimavinnuna, *i compiti.* Svo fékk ég morgunmat hjá frú Jóhönnu og dreif mig í skólann, rétt nógu snemma til að senda dagbókina í tölvupósti áður en kennslan hófst.

Eftir hið venjulega spjall í upphafi tímans var próf, sem reyndar var búið að tilkynna um áður, við mismikinn fögnuð stúdenta. Þetta er standard ítölskupróf, hlusta og svara krossaspurningum, lesa texta og svara krossaspurningum, fylla út í eyður með réttum sagnbeygingum, o.sv.frv. Skólinn mun gera þetta í lok hverrar viku til að endurraða í hópa og til að fylgjast með framförum stúdentanna. Ég skil nú ekki almennilega af hverju fullorðið fólk nennir að tuða yfir þessu, en auðvitað fær maður fiðrildi í magann þegar við blasir að kunnáttuleysið verður afhjúpað. Prófið fannst mér reyndar nokkuð skemmtilegt og persónulega var ég ánægður með hvað mér gekk þó vel að hlusta og skilja – það hefur alltaf verið veikur hlekkur hjá mér. Við fórum svo sjálf yfir prófin undir leiðsögn, og ég reyndist vera um miðbik bekkjarins sem ég er sáttur við – flóknar sagnbeygingar voru það sem mér gekk verst með og það voru svosem ekki nýjar fréttir.

Eftir kaffi tóku við talæfingar af ýmsu tagi – það er minna skipulag á því en málfræðikennslunni, en þeim mun aggressívari leiðréttingar á málvillum. Fyrst var eins konar samkvæmisleikur, þar sem einn var sendur fram en hinir bjuggu til gjafalista handa honum. Hann varð síðan að finna út hverjar gjafirnar voru. Sem betur fer var það Charly sem var sendur fram, því hann er mjög góður í að skilja talað mál. Honum var gefin eyja þar sem margt var að finna, en hann stóð sig hetjulega. Síðan var talinu vikið að því sem maður gæti haft með sér eða gæti notið á sjávarströnd, og loks þurftum við að hraðlesa eina ljósritaða opnu úr túristahandbók um borgir við Adríahafið og svara spurningum uppúr textanum. Ójá, það er ýmislegt gert til að halda manni á tánum.

Kennslan dróst 10 mínútur fram yfir tímann, þannig að ég hafði bara 50 mínútur í hádegismat. Ég ákvað á skella mér á Enoteca Italiana á Via Malcontenti og prófa að fá mér brauð og vín þar. Marion hin ítalska og Ami hin japanska ákváðu að fara með mér, en það var nú sennilega misskilningur af þeirra hálfu því hvorug ætlaði að fá sér vín.

Jæja, ég vatt mér að skeinknum og bað um glas af víni og brauð með prociutto e formaggio. Karlinn sem sá um smurbrauðið sagði: Nei, ekki ost með víninu, bara skinku. Allt í lagi, sagði ég, ég tek þínum ráðum. Svo skar hann tvennskonar skinku sem hann leyfði mér að smakka meðan hann skar og setti á sitthvort rúnnstykkið og sagði: Fyrst borðar maður þessa skinku og síðan hina. Næsti maður skenkti vínið, tékkaði fyrst á því hvað ég var með að borða og valdi síðan sopann. Og ef einhver heldur að þetta hafi bara verið stælar hjá þeim körlunum, þá ætti sá sami að fara á þennan bar og taka því sem þar er að honum er rétt. Þeir vita hvað þeir syngja og tala ekki við mann með hroka, heldur af blíðri og föðurlegri ljúfmennsku.

Þar sem ég stóð og stýfði brauðið úr hnefa og dreypti á víninu blasti við mér skilti með nafni götunnar: Gata hinna óánægðu! Ég hugsaði með mér: Ekki ég, ekki er ég óánægður. Það rifjaðist líka upp að ég spurði leiðsögukonuna á mánudaginn um þetta götunafn, því ég hafði séð að í Flórens er til gata með þessu nafni sem liggur a hinum forna aftökustað borgarinnar. Í Bologna mun þetta hins vegar vera fjölskyldunafn: Óánæga fjölskyldan, Fýlupokarnir. Það er kannski ekki skrýtnara en íslensk mannsnöfn eins og Ljótur eða Bera (ekki móðgast, Ljótur og Bera, þetta eru gömul og falleg nöfn).

Eftir matinn sveif ég upp í skóla og eftir stutta stund kom Francesca til að taka mig í aukatíma. Ég hef áður sagt að þessir tímar væru hálfur annar tími, en reyndar er það svo að ég hef greitt fyrir klukkutíma á dag. Á mánudaginn var enginn tími, af því ég fór í kynnisferð um borgina, þannig að á þriðjudag og miðvikudag voru þetta einn og hálfur tími í hvort skipti. Í gær var enginn tími, af því ég var í Modena að smakka edik, þannig að í dag voru þetta heilir tveir tímar frá hálf þrjú til hálf fimm. Á dagskrá var yfirlestur á ítölsku sýnidæmunum í málfræðibókinni sem ég var að bauka við að skrifa í vetur, en það má segja að ég hafi verið látinn útskýra alla pælinguna í íslenska textanum (á ítölsku) og svo gerði Francesca ýmsar athugasemdir við sýnidæmin: Svona orðalag notar maður ekki venjulega, þetta er gamaldags ítalska, væri ekki betra að taka annað dæmi hér, ...

En það var ekki nóg með þetta, heldur var Francesca stöðugt að pæla í íslenskunni og var ótrúlega fljót að átta sig. Að vísu er hún frá Alto Adige og talar því talsverða þýsku, en engu að síður var ég gjörsamlega agndofa yfir því hvað hún er fljót og skörp. Þetta var alveg rosalega gaman og við lukum við 16 síður af um það bil 40 sem þarf að lesa yfir. Því miður verður hún ekki með einkatímana í næstu viku, en hún sagði að Paola sem tæki væntanlega við væri enn meiri málfræðingur og talaði m.a. ágæta dönsku (Paola var leiðsögukona í borgarferðinni, hún er alfræðibók um sögu Bologna, segja menn). Hvernig sem það fer þá var þessi dagstund alveg sérlega skemmtilegt, en ég var orðinn svolítið þreyttur í málbeininu og kollinum af því að tala svona lengi um málfræðihugtök á ítölsku.

Að þessu búnu gaf ég mér tíma til að hanga svolítið á netinu í skólanum, lesa póst, skoða video frá Sigtrix og lesa fréttir (ég sá að það er búið að mynda stjórn í Bretlandi). Ég náði líka “chat” sambandi við Kristínu á Gmail sem var skemmtileg uppákoma. Ég ákvað að fara ekki á matstað heldur labba heim og sjá hvað frú Jóhanna mundi bjóða mér, ég hef bara séð hana í blá-morgunsárið undanfarið. Ég er feginn að hafa gert það, því hún var greinilega ekki viss um það hvort hún væri mér til ama – en það er hún alls ekki. Þegar ég kom heim spurði hún hvort ég væri búinn að borða, en ég kvað nei við því. Hún ætti að vísu ekkert heitt, en mætti bjóða mér kaldan snæðing? Já, takk. Svo fór ég inn í herbergið mitt til að skrifa á póstkort og hélt hún mundi hnippa í mig, en það gerði hún ekki. Þá áttaði ég mig og fór fram, hún sagðist ekki hafa verið viss hvort hún skildi mig rétt að ég vildi þiggja hressinguna, en ég fullvissaði hana um að hún hefði skilið það rétt, ég væri henni afar þakklátur og hefði bara í einhverju blábjánaskap farið að skrifa á póstkort. Þá var það komið í lag.

Svo settumst við niður og ég fékk foccacia brauð, mikið af góðri skinku og góðan ost, að ótöldu fjölskylduvíninu sem var ekki skammtað og hinn ágætasti drykkur í þetta sinn. Meðan ég var að maula brauðið kjöftuðum við saman, hún meira en ég að venju, en ég er farinn að geta haldið mínum enda af samræðunum betur uppi. Við spjölluðum um alla heima og geima í rúmlega klukkustund og leið held ég báðum ósköp notalega. Hún vildi gefa mér ávexti eftir brauðið, en ég var saddur og afþakkaði það. Hún fer að jafnaði snemma að sofa af því hún tekur einhverjar gleðipillur, sem hún segir brosandi að geri kannski lítið fyrir geðið en það sé ósköp gott að sofna af þeim. Ég gat sagt henni frá því hvar ég hefði verið síðustu daga og kvöld, þannig að nú held ég allt sé á hreinu milli okkar og þegar ég þakkaði henni mikið vel fyrir matinn þakkaði hún mér hlýlega fyrir spjallið. Fimm mínútum síðar, þegar ég var sestur við tölvuna, kíkti hún rétt aðeins inn til mín, með eitthvert næturkrem framan í sér, til að bæta við samræðurnar smáræði sem henni hafði dottið í hug í framhaldinu. Svo bauð hún aftur góða nótt og er áreiðanlega sofnuð núna. Semsagt gott.

Veðurspáin á morgun er ágæt fram að hádegi, en rigningu spáð seinnipartinn. Ég ætla að setja í eina þvottavél í fyrramálið en koma mér svo niður í bæ uppúr hádeginu. Ég er búinn að finna Internet stað til að senda þennan póst, því skólinn er ekki opinn eftir hádegi. Svo ætla ég að póstleggja 2-3 kort, kíkja kannski í bókabúðina Feltrinelli Internationale og hitta svo Marion klukkan fjögur á Piazza Maggiore. Við ætlum að fara saman að skoða Museo Medivale (sem er reyndar rétt hjá skólanum en lokar snemma á virkum dögum), Pinoteca Nazionale sem er rétt heima hjá mér (listasafn sem á m.a. eina mynd eftir Raffaello) og borða svo á Trattoria Anna Maria sem matreiðslumeistarinn mælti með; það er við Via delle belle Arti, rétt hjá listasafninu. Ég er búinn að bóka þar borð klukkan átta, en er ekki enn farinn að velta því fyrir mér hvað ég ætla að fá mér að borða og drekka. Koma tímar, koma ráð.

Þegar ég kom út af Enoteca Italiana varð mér litið eftir Via Malcontenti og fannst hún einhvern veginn svo dæmigerð gata í Bologna: Pínulitlir bílar og vespur í röð undir húsveggjunum, gluggahlerarnir á rauðum efri hluta húsanna hálfopnir og við enda götunnar leifar af bogadregnu rómversku borgarhliði. Það má kannski segja að þetta sé dálítið snjáð og slitið, en hverjum er ekki sama um það? Bláa sólhlífin lengst til hægri á myndinni er yfir inngangnum á vínstofunni

Bologna, laugardagur 15. maí 2010

Í morgun svaf ég frameftir – ósköp var það notalegt. Ég hafði setti klukkuna á hálf-tíu og það var hún sem vakti mig. Ég byrjaði á að fara í morgunmat hjá frú Jóhönnu og var með óhreinu fötin mín í plastpoka. Ósköp er þetta lítið, sagði hún, ég þvæ þetta seinna með öðru. Svo fékk ég kaffi og foccacia, sem að þessu sinni var bakað úr svörtu hveiti, *farina nera*. Ég fékk að kíkja í hveitipokann og gleraugnalaust sýndist mér þetta vera öðruvísi en þær hveititegundir sem ég á í bakaraskúffunni minni heima á Sólbraut. Fíngert eins og hvítt hveiti, en gráleitt að sjá ofan í pokanum.

Eftir kaffi og spjall settist ég inn til mín og fór að lesa gegnum glósurnar, fletta upp orðum sem mig hefur vantað, gera smá lista yfir orð sem ég hef saknað þess að hafa ekki á takteinum, o.sv.frv. Með öðrum orðum, melta ýmislegt af því sem ég hef verið að gleypa. (Kannast lesendur við orðið “takteinn”? Voru takteinar notaðir í þeirra heimasveit og þá til hvers?)

Uppúr hádeginu hringdumst við Kristín á og spjölluðum smástund saman. Veðrið heima er greinilega ekki lakara en hér, 10° á móti 13°, sólskin á móti hellirigningu hér. Svo fór ég að taka mig til í bæjarferð – bókabúðir, söfn og veitingastaður biðu mín. Ég ákvað samt að skilja myndavélina eftir og sleppa því um leið að vera með bakpoka. Ég get alltaf heimsótt söfnin seinna aftur ef ég vil taka myndir af einhverju þar.

Þegar ég kom fram, ferðbúinn með skóna í annarri hendi og regnkápuna í hinni, þá stóð frú Jóhanna í eldhúsinu og hafði verið að malla handa mér hádegismat. Ég lagði dótið auðvitað frá mér og þáði matinn. Í aðalrétt voru litlar grænmetisstöppubollur, *polpette*, með brauði og jarðarber í eftirrétt. “Það er óþarfi að bjóða mér vín með matnum” sagði ég, en frú Jóhanna blés á það. Flaskan er opin, sagði hún, það er óþarfi að spara hana. Í lokin hellti hún uppá sitt indæla kaffi og í þetta sinn stóð ég yfir henni í eldhúsinu á meðan og spurði hana spjörunum úr. Nú reynir á þegar ég kem heim hversu mikið ég hef lært í kaffigerð.

Síðan lagði ég af stað í rigningunni, en reyndar voru það nú ekki nema 5 mínútur “utan múra” og svo var ég kominn undir yfirbyggða gangstétt á Via San Vitale. Um daginn hafði ég spurt samnemendur hvort þeir vissu um Internet Point í bænum og Charly hinn belgíski hafði nefnt stað við þessa götu. Ég hafði því augun hjá mér, fann staðinn og sendi dagbókarpistilinn frá því í gær. Síðan fór ég niður í bæ, setti örfá kort í póst, heimsótti nokkrar bókabúðir án þess að kaupa nokkuð og klukkan fjögur fór ég á stefnumótið við Marion.

Fyrst lögðum við leið okkar á Museo Civico Medievale, sem er rétt hjá skólanum. Við höfðum ákveðið að tala bara ítölsku þar til við værum sest að borðum við kvöldmatinn og það má segja að við höfum staðið við það. Merkingar safngripanna eru bara á ítölsku, en í sameiningu spurðum við safnverðina um eitt og annað sem fyrir augun bar. Þetta hlýtur að hafa verið skondin sjón á köflum, en allir létu eins og einmitt svona ætti þetta að vera. Þegar við fórum niður í kjallara að skoða grafsteinana fylgdi okkur fullorðin kona til þess að passa að við gerðum ekkert af okkur. Hún var auðvitað til í að spjalla og það var nú ekki síður skemmtilegt en grafsteinarnir.

Í lokin komum við að líkani af borginni eins og hún á að hafa verið um 1400 (?) – það var sannarlega skemmtilegt að skoða það, en mér fannst þó sérkennilegt að húsin á líkaninu voru eiginlega öll innan múranna frá 1200. Samt voru veggirnir frá 1400 komnir upp, en milli þeirra og innri veggjanna voru aðeins fáein hús meðfram þjóðvegunum. Ég hefði haldið að þetta færi þannig fram, að borgin sprengdi af sér múrana og svo væru nýir reistir utanum stærri borg, en þarna var eins og ævintýrið frá 2007 í Reykjavík hefði endurtekið sig: Það var búið að skipuleggja stór úthverfi og girða þau af, en það bjó þar enginn. Ég þarf að muna að bera þetta undir Paola ef hún kennir mér í næstu viku.

Eftir safnið sagði Marion mér að í Flórens hefði hún ætlað að kaupa handa barnabörnum sínum sérstaka bókstafi til að þrykkja með en þeir hefðu verið uppseldir. Búðin væri hins vegar með útibú í Bologna og þangað fórum við og keyptum dótið. Þetta var á gangstéttinni meðfram Archiginnasio (við hliðina á Max Mara), og þar sem að verið var að undirbúa rokktónleika á Piazza Maggiore með mjög háværum hljóðfærastillingum létum við okkur berast eftir gangstéttinni í átt frá hávaðanum og inn á bar þar sem við fengum okkur sitthvort glasið af Prosecco. Síðan lá leiðin í hlykkjum framhjá turnunum tveimur og yfir í eystri hluta bæjarins sem Marion hafði aldrei skoðað, en ég þekki af því ég bý þar.

Loks vorum við komin að málverkasafninu, Pinoteca Nazionale, en það var þá nýbúið að loka enda klukkan orðin sjö. Marion vildi skoða meira af þessum bæjarhluta þannig að við gengum góðan rúnt til viðbótar í hverfinu og vorum svo mætt á Trattoria Anna Maria rétt fyrir klukkan átta. Stutta útgáfan er sú að staðurinn var í lagi, en ekkert sérstakur. Matreiðslukennarinn hafði mælt með honum sem dæmigerðum Bologna mat, og það má til sanns vegar færa, en úrvalið var lítið. Matseðlinum var ekki skipt með hefðbundnum hætti, það var að vísu boðið uppá fyrsta og annan rétt og súpur, en hvorki forréttir né eftirréttir voru á stuttum matseðlinum. Vínlisti var enginn, það stóð ekki annað til boða en lókal vín sem reyndar var ekki slæmt – nokkuð standard Sangiovese Emigliana-Romagna. Við fengum okkur bæði gnocchi með gorgonzola og Marion fékk sér súpu með totelloni á eftir. Súpu, sagði þjónninn, súpu á eftir? Augabrúnirnar gengu upp og niður eins og á leikara í þögulli bíómynd. Já, súpu á eftir, sagði konan sem ekki vill láta kúga sig. Vill frúin súpu á eftir pastanu? Er það rétt skilið? You want soup also? Augabrúnirnar gengu upp og niður eins og hann væri á barmi taugaáfalls. Já, frúin vildi súpu á eftir pastanu. Súpan reyndist betri en gnocchi, sem var þó sæmilegt.

Konan sem mun vera eigandinn sá að Marion sat ein að súpunni og bar mér þá lítinn disk með skeið til að ég gæti fengið að smakka – reyndar var Marion búinn að gefa mér að smakka tortellini, en þetta var samt huggulega gert og augabrúnir eigandans hreyfðust ekkert meðan hún sinnti okkur – þvert á móti var þetta gert eins og sjálfsagður hlutur sem ekki þyrfti einu sinni að biðja um. Ég ákvað að slá til að lokum og fá mér tiramisù, þótt ég sé annars lítið í eftirréttunum. Það var í lagi, en ekki nærri því eins gott og það sem við bjuggum til á matreiðslunámskeiðinu. Ég bað um að okkur yrði fært það með tveimur skeiðum og þjónninn gerði það án þess að hreyfa augabrúnirnar, þannig að þetta er greinilega innan rammans. Að lokum var það auðvitað kaffi og grappa og þess er skylt að geta að þetta var besta grappa sem ég hef fengið í ferðinni. Matstaðurinn fær prik fyrir það, en að öðru leiti er nú ekki hægt að segja að hann hafi staðið undir væntingum, sem reyndar voru talsverðar.

Eftir matinn skildu leiðir. Ég fylgdi Marion niður á Via Zamboni því þaðan ratаði hún heim til sín í vesturbæinn. Hún stakk upp á því að í næstu viku gætum við kannski farið einu sinni enn út að borða og þá tiltekinn matstað nálægt henni, sem er “slow food” staður. Hún er búin að prófa að borða þar og var afskaplega ánægð, ekki síst með elskulegheit þeirra sem þjónustuðu hana. Ég svaraði því játandi, með þeim fyrirvara að ég vildi ekki ákveða neitt sérstakt kvöld strax núna en væri svosem alltaf til í tuskið. Kominn heim fyrir klukkan ellefu, frú Jóhanna greinilega sofnuð og ég lýk þessari dagbókarfærslu hálftíma eftir miðnætti. Engar ljósmyndir í dag.

Francesca kennari leyfði mér að taka mynd af sér
um það bil þegar hún er að fara að leggja prófið fyrir okkur í gærmorgun

Herbergið mitt.
Til vinstri gluggi og skrifborð, til hægri rúm og náttborð.
Fyrir aftan mig er skápur og dyrnar liggja fram í hol og þaðan er gengt inn á bað.

Bologna, sunnudagur 16. maí 2010

Vorið er komið! Ég vaknaði ekki sérlega snemma, enda sunnudagsmorgunn og spáð rigningu fyrir hádegi. Um ellefuleytið var ég þó kominn af stað, klæddur í flíspeysu með regnhlíf í bakpokanum, ásamt myndavél og tveimur linsum. Túristadagur í uppsiglingu! Á miðri Via San Vitale fór ég inn á sama Internet stað og í gær til að senda tölvupóst og lesa fréttir og þegar ég kom út aftur, hálftíma síðar, var sólin farin að skína. Ég rölti áfram niður á Piazza Maggiore í miðbænum og reyndi að taka myndir af götunni á leiðinni.

Þegar ég kom niður á torg settist ég auðvitað niður og fékk mér kaffi í góða veðrinu. Eftir smástund fór ég úr flíspeysunni og tróð henni ofan í bakpokann – hún var ekki tekin aftur upp. Upphaflega hafði ég verið að hugsa um að kíkja á söfn, en tímdi því ekki alveg strax þarna í veðurblíðunni. Þess í stað ákvað ég að rölta um suðurhluta borgarinnar (þar sem ég hef lítið verið) og gera mér að erindi að athuga hvort ég fyndi góðan stað til að taka mynd af Santuario San Luca úr fjarlægð. Marion sagði í gær að skrúðgangan með Madonnu-myndina færi þangað uppeftir um fjögurleytið í dag, og ég var líka með það í sigtinu sem myndaefni. Klukkustund síðar var ég búinn að taka svolítið af myndum af húsum og götum, en hvergi hafði ég fengið færi á San Luca og nú var kominn tími fyrir hádegismat.

Meðan ég beið eftir því að mér yrði fært *misto di affetati* fletti ég í litlu orðabókinni minni og pældi í orðum sem höfðu vafist fyrir mér í gær. Ein dæmigerð saga um vandræði með orð: Mér hafði verið sagt að á miðaldasafninu væri líkan af Bologna eins og hún leit út fyrir 600 árum. Ég vildi spyrja fullorðnu konuna sem fylgdi okkur um safnið hvar þetta módel af bænum væri að finna: “Dov´è il modello della città?” Hún skildi ekki neitt. Ég reyndi að útskýra betur með því að baða út höndunum til að sýna útlínur fagurra bygginga og bogaganga miðaldabæjarins: “Il modello della città mediovale” en hún hristi bara hausinn. Ég gafst ekki upp og sagði ”kort af bænum – í þremur dímensjónum” og þá brosti hún breitt og sagði: “Ah, la piantata!” og þar með var málið leyst og okkur vísað á líkanið.

Í hádeginu í dag fór ég að fletta þessum orðum upp. Orðið *piantata* er nú reyndar ekki í litlu orðabókinni en þýðir sennilega stórt kort, af því *pianta* þýðir kort (það vissi ég). Ítalska orðið fyrir líkan er hins vegar *la miniatura*, en *modello* þýðir eingöngu fyrirsæta. Ég hafði semsagt verið að biðja konuna að vísa mér á fyrirsætu bæjarins, nánar tiltekið fyrirsætu bæjarins frá miðöldum. Það var ekki nema von að blessuð konan hristi hausinn, en hjálpsemi hennar kom okkur samt á leiðarenda.

Eftir hádegismatinn hélt ég áfram suður og vestur, en þegar ég var kominn að Porta Saragozza var ég búinn að gefa það uppá bátinn að finna góðan stað til að ljósmynda San Luca úr fjarlægð. Ég hafði dregið upp kort af bænum á veitingastaðnum og spurt þjóninn hvort hann gæti stungið uppá stað til að taka slíka mynd, en eftir nokkrar bollaleggingar sagðist hann ekki vita hvaðan úr borginni það ætti helst að vera. Á leiðinni heim frá Modena um daginn sá ég þetta mótíf út um gluggann á rútunni, en það var auðvitað ekki hægt að láta stöðva bílinn á hraðbrautinni til að taka myndir. Sennilega þarf maður að vera spottakorn vestan við borgina til að ná góðri mynd. Það má segja að San Luca og turnarnir tveir í miðbænum séu táknmyndir fyrir Bologna, en ætli maður kaupi sér ekki bara póstkort ☺

Við Porta Saragozza settist ég í góða stund á bekk í sólinni og hugleiddi hvort ég ég ætlaði að bíða eftir skrúðgöngunni og hvað ég ætti þá að gera á meðan, úr því San Luca verkefnið var dottið uppfyrir. Þegar hugleiðslan var á enda var klukkan orðin þrjú og ég fékk mér kaffi á næsta bar við torgið. Þjónninn talaði við mig á ensku, en ég bað hann að tala ítölsku því ég væri að æfa mig í málinu. Já, en ég er að reyna að æfa mig í ensku, sagði hann. Allt í lagi, sagði ég, þú skalt tala ensku og ég tala ítölsku. Svo hlógum við báðir að þessum lélega brandara, vorum sammála um að vorið væri loksins komið og til að segja eitthvað meira spurði ég hvort skrúðgangan með Madonnu færi ekki þarna framhjá. Júju, gangan kemur hér og stoppar stundarkorn á torginu fyrir innan hliðið meðan madonnan er blessuð, sagði hann, það verður um klukkan hálf sjö í kvöld. Þar með var skrúðgönguljósmyndaverkefnið líka dottið upp fyrir og ég rölti af stað með krókum og útúrdúrum í átt að nútíma listasafninu.

Þegar þangað kom sá ég að þeir hafa gefið safninu ágætt nafn: MAMbo, sem er skammstöfun á Museo d'Arte Moderna di Bologna. Það minnir á gamla slagarann: Hey mambó, mambó ítalíanó, sí, sí, sí, ... Þegar ég gaf frú Jóhönnu skýrslu um ferðir mínar raulaði ég lagið og hún tók undir, hún þekkti lagið og taldi sig muna eftir kvikmynd þar sem það hafði verið sungið. Jæja, en listasafnið var skemmtilegt, þar var annars vegar hægt að skoða *la collezione* og hins vegar hægt að skoða sérstaka sýningu tengda Fellini. Ég nennti nú ekki að skoða Fellini sýninguna, en eyddi talverðum tíma í föstu sýninguna. Mér fannst ýmislegt þarna vera skemmtilegt að sjá og húsið er eiginlega stórskemmtilegt. Það er þannig innréttað að herbergi og gangar hafa undarlega innbyrðis afstöðu og það er auðvelt að villast, allt í einu er maður kominn í sal sem maður kom í áður eða maður stendur skyndilega á svölum og horfir yfir annan sal. Birtan er alls staðar ágæt þar sem eru myndir, fannst mér, og í heildina fannst mér húsið bæði nútímalegt og fallegt.

Eftir listasafnið tók ég stefnuna heim, en eyddi samt dágóðum tíma á útimarkaði á leiðinni. Þar voru einkum föt, skór og þesshättar á boðstólum, en sitthvað fleira smávegis líka. Ég hef verið að horfa dálítið stíft á skóna sem fólk er í og það er alveg á hreinu að ég er í ljótustu skónum í Bologna. Þetta eru venjulegir Nike íþróttaskór, bláir og hvítir með smávegis appelsínugulu skrauti, mjög þægilegir til göngu, en passa einhvern veginn ekki við nein föt. Allir þeir sem á annað borð eru í strigaskóm hér eru í *fallegum* strigaskóm og hinir eru allir í glæsilegum spariskóm. Þegar ég sit á á torginu með kaffibolla og teygi fram skankana þá grípur mig sú tilfinning að allir viðstaddir sjái hvað ég er smekklaus – þetta er eins og að vera með risastórt gult, blátt og grænt glóðarauga á báðum, sem engin gleraugu geta hulið. Það er ekki spurning, með batnandi veðri skipti ég yfir í sandalana. *Le scarpe brutte - basta!*

Via San Vitale. Grái veggurinn á miðri mynd er mið-borgarmúrinn, frá því um 1200.
Í fjarska sést sá hærri af turnunum tveimur í miðbænum.
Rautt og okkur-gult eru algengustu litir á húsum í Bologna.

Ítalskt götuhorn

Hér stöðvaðist kóleran 22. júlí 1855, þökk sé Maríu

Bogagöng, eða yfirbyggðar gangstéttir, *portico*.
Ef maður horfir eftir götunni eru þau hvert með sínum stíl, hús eftir hús.
Bologna er oft nefnd *rauða borgin* og það er ekki bara vegna þess að kommarnir hafa verið valdamiklir hér.

Ljósakróna í stigagangi í nútímalistasafninu

Bologna, mánudagur 17. maí

Þá er seinni skólavikan byrjuð. Það hefur fækkað í bekknum niður í fjóra, Francesca er áfram kennarinn okkar fyrri hluta morguns en í stað Lucia (sem er í frí) kemur Claudia með spjallæfingarnar. Mér finnst hún nú ekki vera eins snörp, en maður þarf nú að gefa henni tækifæri til að sýna sig og sanna.

Málfræðiæfingarnar í dag snerust um skildagatíð og heimavinnan í kvöld snerist um þáskildagatíð. Fyrir þá sem eru djúpt sokknir í málfræði má segja að skildagatíð sé eiginlega framtíð í viðtengingarhætti, þannig að í stað þess að í síðustu viku var talað um nútíð og þátíð og núliðnar og þáliðnar tíðir í viðtengingarhætti, þá erum við nú farin að pæla í skildagatíð sem er ekkert nema illa dulbúinn viðtengingarháttur. Það er engrar undankomu auðið!

Heimavinnan í kvöld leiddi þó til þess að ég uppgötvaði að í ítölsku málfræðibókinni minni hef ég gleymt að setja dæmi um þáskildagatíð. Ég bæti úr því þegar heim kemur, en það er nú meira til að fylla út í öll horn á myndinni – það er ekki ætlunin að reyna að fara segja neitt að ráði í litlu bókinni minni um krúsidullur sem sjaldan eru notaðar í daglegu máli. Og þó kannski mætti halda af því sem ég segi hér fyrir ofan að málfræðiæfingarnar séu einhverjar skelfilegar utanbókarþulur, þá eru þetta í rauninni spjall sem allir taka þátt í, nemendur og kennari, þótt temað sé eitthvert málfræðiatriði. Þar að auki taka málfræðiæfingarnar ekki nema helming morgnanna – hitt eru allra handa æfingar í samskiptum á ítölsku.

Í hádeginu fór allstór hópur úr skólanum út að borða á Camera a Sud – staðnum sem við Marion "uppgötvuðum". Hún hefur sagt mér að hún hafi mest verið í stúdentapólitík á Vietnam-árunum, en minna sinnt skóla fyrr en miklu seinna. Hún er enn mjög félagslega virk því hún stóð fyrir þessum sameiginlega hádegisverði. Því miður var ég í dálítilli tímaþröng vegna aukatímanna eftir hádegi, en fór samt með - fyrir samstöðuna. Það fylgja með þessu bréfi tvær myndir teknar á leiðinni þangað. Ég fékk mér salat og glas af lókal rauðvíni hússins, sem að þessu sinni reyndist vera Merlot.

Þegar ég ætlaði að flýta mér burt úr matnum til að vera stundvíslega uppi í skóla bað Francesca mig að doka við – það væru þarna tveir nýir nemendur sem ættu að vera í aukatímanum með mér og þeir rötuðu ekki upp í skóla. Það var ekki hægt að neita þessu, en ég hef væntanlega verið dálítið stresslegur á svipinn því hún sagði: Góði slappaðu af, þú ert á Ítalíu! Ég sagði sem var, að ég væri líka stundvís á Ítalíu, en hún hló nú bara að því. Til þess að sýna hvað ég var afslappaður fékk ég mér kaffi við barinn meðan hin tvö gerðu sig klár.

Eftir á að hyggja hefði þetta verið upplagt tækifæri til að afvegaleiða þau í krókóttum götum Bologna, stinga svo af og sitja einn að kennslunni, en ég gerði það ekki. Það er ekki vegna þess að ég sé svona vel innrættur, heldur datt mér það bara ekki í hug fyrr en um seinan. Þess í stað mættum við öll þrjú aðeins of seint uppi í skóla, en það voru engar athugasemdir gerðar við það. Það blasti semsagt við, að í stað þess að halda áfram með mínum prívat kennara að fara yfir málfræðibókina var ég kominn í aukatíma með tveimur öðrum stúdentum hjá Claudia. Ojæja, maður sér hvað setur þessa þrjá daga sem eftir eru.

Claudia kennari eyddi fyrri helming tímans í að tala um sjálfa sig – óaðspurð segist hún ekki hafa trú á hjónabandinu sem stofnun, enda er síðasti kærasti nýleg þátíð. Hinir tveir stúdentarnir eru kona aðeins eldri en ég, sem heitir Kristín, og ungur maður sem heitir Hans og er aðeins 28 ára. Ég segi aðeins, því hann hefur að sögn verið þrjú ár í Japan að læra japönsku og austrænar bardagaíþróttir, segist tala ágæta japönsku en bara hrafl í kínversku og indónesísku, auk hins þýska móðurmáls síns tali hann reiprennandi bæði spönsku og ensku og minna í einhverjum 2 – 3 málum öðrum sem ég er búinn að gleyma og svo er hann að læra ítölsku til viðbótar. En þetta eru þó greinilega allt saman bara hobbý, því hann segist vera með prófgráðu í lífefnafræði og vera um þessar mundir að vinna að doktorsverkefni í taugalífeðlisfræði. Þabarasona!

Kristín hefur hins vegar að sögn mikinn áhuga á hundum og köttum, vill leggja áherslu á að gera að minnsta kosti eitt góðverk á dag og heitasta ósk hennar er að öðlast vitneskju um hvort það sé líf eftir dauðann – ef svo er vonar hún að það feli í sér endurholdgun. Hún talar næsta litla ítölsku, en Hans er sleipari. Aðspurð um það hvað við vildum setja á dagskrá á morgun þá vildi hún helst fá spjall með orðum sem maður notar í skóbúðum og öðrum verslunum, en Hans vildi gjarnan tala um afmarkaða og ólokna þátíð – sumsé *passato prossimo* og *imperfetto* fyrir þá sem hafa gaman af málfræðihugtökum. Ég sagði að mér væri slétt sama, svo lengi sem það væri ekki viðtengingarháttur.

Eftir skóla þurfti ég á löngum göngutúr að halda og ákvað að halda í suðaustur frá miðbænum. Það er nú eiginlega minnst spennandi borgarhlutinn og þegar ég var kominn "á enda", þar að segja að Porta San Sebastiano á suðaustur horni gamla bæjarins rann upp fyrir mér að við Kristín höfðum gengið þangað fyrir mörgum árum síðan og snúið strax við. Ég sneri líka við, reikaði í krókum upp á Via San Vitale, keypti mér banana og hélt heim. Ég byrjaði að þessu sinni á heimavinnunni og þegar henni var lokið (með alllöngum stíl um borg að eigin vali – ég valdi Kaupmannahöfn) þá var ég orðinn svangur og frú Jóhanna hafði ekkert boðið mér. Hún hafði hins vegar lagt hreinan þvott af mér á rúmið mitt í dag, blessunin.

Ég fór því fram og sníkti eiginlega smá bita – ég sagðist vera að hugsa um að fara út og ná mér í gogginn en það ætti ekki að vera mikið. Þá bauð Giovanna mér auðvitað að borða úr ísskápnum og ég fékk leyfar af polpette, hálfan brauðsnúð, ost og hvítvín. Þetta var einmitt það sem ég vildi. Í staðinn reyndi ég eftir megni að vera skemmtilegur og svo töluðum við um praktíska hluti eins og brottför mína á föstudaginn. Svo þakkaði ég fyrir mig, sagði "þar til á morgun" og fór inn til mín að skrifa þetta bréf.

Og hér með er þátíð frásagnarinnar orðin að nútíð, klukkan orðin ellefu og tími til kominn að fara í rúmið.
Góða nótt.
A domani – þar til á morgun.

Francesca kennarinn minn og skælbrosandi samstúdína sem ég þekki ekki ganga yfir hina fornfrægu Via Galliera sem eitt sinn var flottasta gatan í bænum – gatan inn til hægri á bak við þær er sú sem skólinn stendur við, Via San Giorgio

Fremstar í röðinni eru Francesca kennari og Marion hin ameríska, svo koma tvær sem ég þekki ekki og á eftir þeim hinn ítölskulausi Toby, í leðurjakka fyrir aftan hann hin víðförli og margtyngdi Hans og við hlið hans Austurríkismaður sem ég sat hjá í matnum, fyrir aftan hann með bækur undir hendinni er Kristín sem hefur áhuga á hundum, köttum og endurholdgun, en hina þekki ég ekki

Bologna, þriðjudagur 18. maí – Tölvupóstur skrifaður á ítalskt lyklaborð

Hallo skrallo

Eftir langan dag i skolanum er sameiginlegur drykkur a dagskra - un apperativo. Kennslustundir hja mer voru ekki a enda fyrr en rett fyrir klukkan fimm. Tha gekk eg heim, taladi vid Giovanna um ad sleppa kvoldmat, skildi bakpokann eftir, tok loksins fram ljosa sumarjakkann og for i svarta sko, og helt svo aftur i skolann. Kominn hingad rett eftir sex, en thar sem drykkurinn er ekki fyrr en klukkan half sjo skrifa eg sma pistil nuna. Ekki vist hvenaer eg kem heim, thad er heimavinna og kannski verdur ekki mikid af brefaskriftum eftir thad.

Thetta hefur verid mjog godur dagur. I malfraedinni var okkur velt uppur personufornofnum og thar er nu dalitid villugjarnt: Hvernig segir madur: Hann hafdi gefid henni hana? Vid skulum sja, sidustu tvo fornofnin renna saman i eitt, a le + la verdur gliela og svo ma ekki gleyma ad med obeinu andlagi beygist lysingarhattur thatidar i kyni og tolu. Thetta eru paelingarnar.

Sidan taladi eg vik yfirvoldin um ad fa tvo serstaka aukatima til ad klara ad fara yfir itolsku malfraedibokina og thad er nu komid a hreint. Mer hafdi ekki dottid thessi moguleiki i hug adur en eg kom hingad, en er rosalega anaegdur med thetta.

Loks var dagurinn i dag almennilegu solskinsdagur - ekki of heitt en alveg dasamlegt solbadsvedur. Eg lagdist allsber ut a eina umferdareyju i hadeginu, en var rekinn i burtu og sagt ad klaeda mig. Ef einhver truir ekki thessari sogu, tha er hin sagan su ad eg fekk mer hadegismat a stad thar sem vid Kristin fengum okkur einu sinni pizza, nykomin til Bologna, og thotti hun god. Eg let mer ad visu naegja bruchetta i forrett og tomata og mozzarella i adalrett, en thad var alveg yndislegt.

Jaeja, fjorid fer ad byrja, ekki vill madur vera of seinn

Ciao
Freyr

Bologna, miðvikudagur 19. maí – Tveir tölvupóstar skrifaðir á ítalskt lyklaborð

Sael elskan

Thad for sem mig grunadi, eg var ekki kominn heim fyrr en um 11 og eftir ad hafa lokid vid heimavinnuna for eg ad sofa. Semsagt engin dagbokarfaersla nuna.

Eftir goda vedrid i gaer er himininn afar thungbuinn og thad skall a thrumuvedur a leidinni i skolann. Ad visu er madur ad mestu undir portico a leidinni og svo var eg med regnhlif, thanig ad eg komst thurr i skolann. Seinna i dag er thad svo italska malfraedin min - eg er spenntur fyrir thvi. Annars er eg ad byrja ad spa i heimferd, RyanAir leyfir bara 15 kg toskur thannig ad madur tharf ad pakka skynsamlega. Baekur og pappira aetla eg ad senda heim i posti, nema malfraedibokina sem eg aetla ekki ad tyna.

thinn Freyr

Hae

Klukkan er ad verda fimm, eg er ad koma ur 90 minutna aukatima sem kom a eftir vinnunni vid malfraedina. Malfraedin gekk vel i dag og a morgun klarst hun vaentanlega ad mestu eda ollu leyti. Eg er mjog sattur vid thad, en hadegispasan var nu bara halftimi med einni braudsneid.

Eg a ad vera med nog cosamin fyrir okkur baedi, en eg tok bara lysi fyrir mig. Thu tharft ad taka eina ork. Mig vantar ekkert nema thig, og svo barnabornin. Eg leit a oskuspana fyrir Island adan, hun litur ekki illa ut. Thad eru heldur engar "travel alert" tilkynninga a Heathrow eda Stanstead vefsidunum.

Eg aetla nuna ad fara heim og skrifa sidustu dagbokarfaersluna og vinna dalitla heimavinnu. Sidan tharf eg ad hugsa um hvernig eg pakka nidur i toskuna - verst ad mega ekki hafa edikid i handfarangri.

Hann er haettur ad rigna thannig ad gangan heim verdur ekki sem verst.

Freyr

Ljótustu skór í Bologna

I BK BO
95368